

Dýraverndarsamband Íslands  
Grensásvegi 12a  
[dyravernd@dyravernd.is](mailto:dyravernd@dyravernd.is)  
sími: 552 3044

Reykjavík, 18. maí 2014

**Dýraverndarsamband Íslands telur þaueldi alifugla ekki réttlætanlegt og að þar sé velferðarsjónarmiðum fórnað fyrir háþörfun nytja.**

**Við teljum að allir alifuglar ættu að geta notið útivistar. Við teljum að þéttleika við fuglahald ætti að miða við að fuglar geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt, í samræmi við 1. grein í lögum 55/2013 um velferð dýra. Þar skyldi miðað við bestu þekkingu á þörfum fugla.**

### **Umsögn um reglugerð um velferð alifugla.**

Dýraverndarsamband Íslands fagnar nýrri reglugerð um velferð alifugla. DÍS áréttar að mikilvægt er að reglugerðir séu ítarlegar, en það auðveldar mjög störf eftirlitsaðila og tryggir betur velferð dýra.

Við fögnum 20. grein um útivist og skjól. Til bóta er að rýmkuð hafi verið heimild til og gefinn kostur á útivist og teljum við nauðsynlegt að greinin þróist til þeirra háttá að allir alifuglar fái notið útivistar.

Í drög þessi að reglugerð um alifugla vantar öll ákvæði um hámarksfjölda fugla í húsi og hámarksfjölda fugla í hólum innan húsa. Við teljum að vegna dýravelferðarsjónarmiða verði að setja ákvæði um hámarksfjölda fugla í húsi og í hólfi innan húss, með tilliti til þess að draga úr streitu og árásarhneigð.

2. grein um orðskýringar. Hér vantar skilgreiningu á foreldrafuglum, til móts við stofnfugla, en bæði hugtökin eru notuð í reglugerðinni.

5. grein um þekkingu og hæfni: við teljum að bæta þurfi við í lok greinarinnar setningunni „óheimilt er að selja, gefa eða afhenda dýr einstaklingi sem ástæða er til að ætla að hafi ekki aðbúnað eða getu til að annast dýrið.”

8. og 9. grein um sýningar; við teljum nauðsynlegt að tilgreindur sé hámarkstími sem halda má fugla í sýningarbúrum.

10. grein um aðgerðir. **Við teljum goggstýfingu almennt ekki samræmast dýravelferð og gerum alvarlega athugasemd við að hún verði leyfð með reglugerð.** Við teljum jafnframt að skýrt þurfi að koma fram hver annist mat á réttri goggstýfingu og að hann hafi fengið til þess viðurkennda þjálfun. Einnig teljum við að framleiðandi þurfi að sýna fram á nauðsyn þess að stýfa gogga og fá til þess leyfi hjá MAST með vottun frá dýralækni um að aðrar aðferðir hafi verið reyndar til að koma í veg fyrir kannibalisma. Jafnframt áréttum við að stefna skuli að því við alifuglahald að goggstýfing verði ekki nauðsynleg.

11. grein um ræktun og æxlun leggjum við til að bæta við málsgreinina: „sem og fuglum sem eru horaðir eða sjúkir.”

19. grein um hljóðmengun: hér vantar ákvæði um hámarkshljóðmengun. Í flestum öðrum reglugerðum er miðað við 65 dB að hámarki.

21. grein um slysavarnir og viðvörunarbúnað; til samræmis við aðrar reglugerðir leggjum við til að bætt sé inn: „brunavarnir skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð og reglugerð um slökkvitæki. Ávalt skal vera til staðar viðbragðsáætlun fari viðvörunarkerfi í gang.”

30. grein um þéttleika kjúklinga: **Dýraverndarsambandið leggst eindregið gegn því að þéttleiki sé aukinn frá því sem var í eldri reglugerð. Við teljum þetta mikla afturför og engan vegin réttlætlegt að auka enn á þrengsli alifugla með því að leyfa allt að 39 eða 42 kg á fermeter, þótt með skilyrðum sé. Við teljum ekki að þetta samrýmist markmiðum laga né reglugerðar um dýravelferð.**

32. grein um aðbúnað í húsum fyrir endur og gæsir: telum við að taka verði fram að endur og gæsir skuli ala í lausagöngu. Vegna dýravelferðarsjónarmiða teljum við nauðsynlegt að sett sé í reglugerð að endur hafi aðgang að vatni til böðunar.

36. grein um ákvæði til bráðabrigða; villa er í texta um fyrsta ákvæði þar sem vísað er 16. grein, 4.mgr, en við teljum að átt sé við 23. grein, 4.mgr.

Varðandi frest til að setja upp klóslípibúnað, teljum við að ekki sé þörf á að hafa aukinn frest umfram þann til að setja upp setprik skv. fyrstu málsgrein.

**Dýraverndarsambandið gerir alvarlega athugasemd við langan frest til að fella niður notkun á hefðbundnum búrum. Við gerum skýlausa kröfu um merkingu eggja svo almenningur geti valið egg til kaups út frá velferðarsjónarmiðum.**

Í viðauka V um loftræstingu og fleira, teljum við að skýrt þurfi að vera að mæling ammoníaks skuli vera í sömu hæð og fuglarnir eru staðsettir við gólf.

Í viðauka VI um skilgreiningu á dritbruna; skýrari útlistunar á vefjaskemmdum og meiðslum er þörf, mjög er matskennt að miða við „lítil meiðsli” og „mikil meiðsli”. Við óskum eftir að lýsandi myndum og lýsingum á meiðslum verði komið til viðmiðunar til mats á meiðslum í reglugerðinni.

Einnig teljum við að eðlilegt sé að smætta ekki skaða með margföldunarstuðlinum 0,5 í flokki 1 um meiðsli, en að miða skyldi við margfeldið 1 þess í stað: þannig að 0 yrði margfaldað með 0, 1 með 1, og 2 með 2.

Almennt er æskilegt að viðurlög séu við frávikum frá velferðarsjónarmiðum.

Varðandi viðurlög við frávikum, vísum við í almenna athugasemd okkar við 30. grein um þéttleika fugla.

Að teknu tilliti til umsagna og almenns fyrirvara um þauleldi alifugla í upphafi þessa skjals, telur DÍS að í reglugerðinni séu mörg ákvæði sem eru til bóta varðandi velferð alifugla.

Virðingarfyllst,  
Stjórn Dýraverndarsambands Íslands

## REGLUGERÐ

um velferð alifugla

### I. KAFLI

#### Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

##### Tilgangur og gildissvið

Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð og heilbrigði allra alifugla með góðri meðferð, umhirðu og aðbúnaði. Leitast skal við að alifuglar geti lifað í samræmi við sitt eðlilega atferli eins og framast er kostur. Í reglugerðinni koma fram lágmarkskröfur um einstök atriði.

2. gr.

##### Orðskýringar

Í reglugerð þessari hafa eftirtalin orð merkingu sem hér segir:

- Aðgengilegt svæði:** Svæði annað en hreiðursvæði sem er 30 cm breitt, með 14% hámarkshalla og lofthæð 45 cm.
- Alifuglahús:** Bygging þar sem fuglahópur er alinn.
- Alifuglar:** Hænsnufuglar af ættbálk Galliformes, endur, gæsir og aðrir fuglar aldir til framleiðslu á kjöti og eggjum.
- Alifuglabú:** Bú með sérstöku búsnúmeri, landnúmeri samkvæmt fasteignamati auk númers rekstrareiningar innan býlis, þar sem alifuglar eru aldir í einu eða fleiri húsum.
- Dagleg dauðatíðni:** Fjöldi fugla sem deyri á sama degi í einum hópi, þar með taldir fuglar sem er lógað vegna sjúkdóma eða annarra orsaka; deilt með fjölda fugla sem voru lifandi í hópnum í upphafi dags sem svo er margfölduð með hundrað.
- Dritbruni:** Vefjaskemmdir á gangþófum fugla.
- Fuglahópur:** Allir alifuglar sem haldnir eru í sama húsnæði, innan sama loftrýmis eða innan sömu girðingar og mynda eina faraldsfræðilega einingu.
- Harðýðgi:** Gróf valdbeiting, svo sem barsmíðar og önnur ill meðferð.
- Hreiður:** Sérstakt rými sem hænur nota til varps, einstaklingshreiður eða hóphreiður.
- Kjúklingur:** Fugl af tegundinni Gallus gallus, alinn til framleiðslu á kjöti.
- Pallakerfi:** Framleiðslukerfi þar sem fuglarnir geta farið frjálst á milli hæða.
- Setprik:** Stöng eða kantur með hrufulausu yfirborði fyrir fugla að sitja á.
- Stía:** Afmarkað rými þar sem fugl er haldinn.
- Stofnfugl:** Foreldri unga sem aldir eru til framleiðslu á eggjum eða kjöti.
- Umráðamaður:** Eigandi eða annar aðili, svo sem stjórnarformaður félags, sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði og vörslu alifugla.
- Undirburður:** Laust og þurrt efni sem molnar auðveldlega og hentar fuglum til að sinna eðlilegu atferli sínu, svo sem að gogga, krafsa og sandbaða sig.
- Unghæna:** Hæna af varpstofni yngri en 20 vikna.
- Uppsöfnuð dauðatíðni:** Samtals fjöldi dauðra fugla frá innsetningu í eldishús til slátrunar, deilt með fjölda fugla sem voru settir í eldishús á fyrsta degi sem svo er margfölduð með hundrað.
- Útungunarstöð:** Staður þar sem meira en 1000 frjóeggjum alifugla er ungað út samtímis í vélum.
- Varphæna:** Alifugl af tegundinni Gallus gallus sem náð hefur varpaldri og haldinn er til framleiðslu neyslueggja.
- Þéttleiki:** Samanlögð lífþyngd fugla í einum fuglahópi, deilt með fermetrum aðgengilegs svæðis sem gefin er upp sem kg/m<sup>2</sup>

### II. KAFLI

#### Úttekt og eftirlit

3. gr.

##### Úttekt

Umráðamanni dýrahalds eða starfsemi sem talin er upp í viðauka I ber að tilkynna Matvælastofnun um fyrirhugaða starfsemi eigi síðar en þremur mánuðum áður en áætluð starfsemi

hefst. Matvælastofnun skal taka út fyrirhugaða starfsemi. Óheimilt er að hefja slíka starfsemi áður en skilyrði um húsakost, búnað og þekkingu sem tilgreind eru í reglugerð þessari eru uppfyllt.

4. gr.

Opinbert eftirlit

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari. Matvælastofnun fer með framkvæmd reglugerðarinnar og hefur eftirlit með að ákvæðum hennar sé fylgt. Umráðamanni alifugla ber að tryggja gott aðgengi eftirlitsaðila að öllum alifuglum og öllum þeim svæðum þar sem alifuglar eru haldnir.

III. KAFLI

**Meðferð og umhirða**

5. gr.

*Þekking og hæfni*

Öllum þeim sem halda alifugla, hvort sem það eru einn eða fleiri fuglar, er skylt að afla sér grunnþekkingar á þörfum og umönnun alifugla.

Umráðamaður úttektarskyldrar starfsemi skv. viðauka I, skal hafa lokið prófi í búfræði frá landbúnaðarskóla sem viðurkenndur er af íslenskum stjórnvöldum, lokið námskeiði í alifuglahaldi eða starfað við umhirðu alifugla sem nemur tveimur árum í fullu starfi eða geta sýnt fram á sambærilega þekkingu sem viðurkennd er af Matvælastofnun.

Umráðamaður úttektarskyldrar starfsemi skv. viðauka I skal tryggja að starfsmenn við búreksturinn hafi fengið grunnþjálfun í þörfum og umönnun alifugla og skal hann halda skrá um það. Starfsmaður skal hafa þekkingu á rétttri meðhöndlun fugla, hlotið þjálfun í aflífun einstakra fugla og hafa þekkingu á fyrirbyggjandi smitvörnum og réttum umgengisreglum.

6. gr.

*Almenn meðferð og eigið eftirlit*

Umráðamaður skal vitja alifugla að lágmarki einu sinni á sólarhring og bæta svo fljótt sem auðið er úr því sem er ábótavant. Umráðamaður kjúklinga skal hafa eftirlit með öllum kjúklingum að lágmarki tvisvar sinnum á sólahring.

Umráðamaður skal fylgjast með heilsufari fugla og tryggja að hreinlæti, fóðrun, fóður, vatn og aðrir umhverfisþættir og tækjabúnaður sem getur haft áhrif á líðan fugla, sé í lagi. Aukið eftirlit skal haft með sjúkum og slösuðum fuglum.

Umráðamaður úttektarskyldrar starfsemi skv. viðauka I, skal halda skýrslur um fjölda fugla í hverjum fuglahópi, afdrif þeirra, meðhöndlun, sjúkdóma og varp hjá stofnfuglahópum. Skráningar skal geyma í að minnsta kosti þrjú ár.

Bannað er að beita alifugla harðýðgi.

7. gr.

*Fóðrun og brynning*

Gæði fóðurs, magn og samsetning skal fullnægja þörfum fugla. Fóðrun og brynning skal vera aðgengileg og nægileg öllum fuglum.

Heimilt er að vikja frá skilyrði 1. mgr. við fiðurfellingu skv. viðauka II.

Hafi fuglar ekki stöðugt aðgengi að fóðri skal fóðrunaraðstaða vera þannig að allir fuglar geti étið samtímis. Brynningarbúnaður skal þannig útbúinn, uppsettur og viðhaldið að hætta á vatnsleka sé í lágmarki. Við flutning fugla í önnur hús skal tryggt að þeir finni strax vatn og fóður.

8. gr.

*Sýningar á alifuglum eldri en vikugömlum*

Fuglar skulu sýndir í einstaklingsbúrum með heilum hliðarveggjum. Fuglar úr sama hópi mega þó vera í hópúrum. Fuglar skulu hafa aðgang að undirburði og setþriki. Gólf skulu þannig gerð að stuðningur sé fyrir allar framtær fugls. Ekki má vera dragsúgur í búrunum og hitastig skal vera sem næst kjörhita fugla. Stærð búra skal vera í samræmi við lið 1.1 í viðauka IV.

Tryggja skal fuglum á sýningum nægilegt fóður og stöðugan aðgang að ómengduðu drykkjarvatni.

Áhorfendum er óheimilt að handfjatla alifuglana.

Séu fuglar aflífaðir að lokinni sýningu skal það gert á viðurkenndan hátt af þjálfuðu fólki.

9. gr.

*Sýningar á alifuglum yngri en vikugömlum*

Ungar skulu eingöngu sýndir innadyra. Ungar skulu haldnir á undirburði og þeim tryggður frjálss aðgangur að svæði með hitagjafa, fóðri og ómengduðu drykkjarvatni. Allir ungar skulu geta haft samtímis aðgang að skjóli frá áhorfendum.

Áhorfendum er óheimilt að handfjatla unga.

Séu ungar aflífaðir að lokinni sýningu skal það gert á viðurkenndan hátt af þjálfuðu fólki.

10. gr.

*Aðgerðir*

Óheimilt er að fjarlægja líkamshluta eða reyta fjaðrir af fuglum. Óheimilt er að festa á fugla sjónsviðsþrengjandi muni eins og gleraugu eða á augun svo sem litaðar linsur til að breyta litaskyni þeirra.

Heimilt er þó að fjarlægja líkamshluta sé það nauðsynleg aðgerð í læknisfræðilegum tilgangi að mati dýralæknis, en ávallt með því að deyfa eða svæfa fugla og veita þeim verkjastillandi meðhöndlun. Heimilt er að fjarlægja ysta hluta afturvísandi táar eða spora af dagsgömlum hönum. Fjarlægja má hluta goggs á varphænum og stofnhænum kalkúna skv. skilyrðum í viðauka III. Sá sem annast þessa aðgerð skal hafa fengið til þess faglega þjálfun.

11. gr.

*Ræktun og æxlun*

Óheimilt er að rækta undan alifuglum sem vitað er að beri alvarlegan erfðasjúkdóm eða erfðagalla.

12. gr.

*Handsömun og tínsla*

Við handsömun fugla skal þess gætt að þeim sé ekki valdið óþarfa hræðslu eða þeir meiðist ekki..

Óheimilt er að bera alifugla á höfði, hálsi, stéli eða vængjum. Halda má utan um háls anda og gæsa meðan fuglinn er borinn á bringunni. Kalkúna má handsama með taki á vængfestu (öxl) og gagnstæðri löpp. Óheimilt er að lyfta eða halda á kalkúnunum á einum fæti. Óheimilt er að taka upp eða bera endur og gæsir á fótum.

Starfsmenn við tínslu alifugla skulu hafa hlotið sérstaka fræðslu og þjálfun í meðhöndlun fugla og tínslu.

Tínsla á kjúklingum til slátrunar skal fara fram í rökkri eða bláu ljósi. Fuglar skulu handsamaðir og bornir þannig að gripið er yfir vængi og bol fuglsins með báðum höndum eða fuglinum lyft á báðum löppum. Tínsla skal skipulögð þannig að ekki þurfi að bera fuglinn langa vegalengd. Fjöldi fugla í flutningskössum skal miðast við stærð fugla og hitastig í flutningi. Vélbúnaður til tínslu á kjúklingum fyrir slátrun skal vera þannig hannaður að velferð fugla sé í fyrirrúmi.

13. gr.

*Heilbrigði og forvarnir*

Umráðamaður skal fylgjast með fóðrun og heilbrigði alifugla í hans umsjá og kalla til dýralækni ef með þarf.

Komi upp óeðlileg vanhöld umfram eðlilega tíðni, skal umráðamaður tilkynna það tafarlaust til Matvælastofnunar.

Verja skal alifugla gegn ytri og innri óværu. Komi upp slík vandamál skal meðhöndla fugla í samráði við dýralækni þegar í stað.

14. gr.

*Aflífun*

Fuglar sem eru slasaðir eða sjúkir, skulu fá viðeigandi meðferð eða aflífaðir tafarlaust. Skylt er að aflífa fugla tafarlaust þegar augljóst er að sjúkdómur eða meiðsl eru kvalafull eða banvæn. Eftir atvikum skal haft samráð við dýralækni.

Um aflífun gildir að öðru leyti reglugerð nr. 911/2012 um vernd dýra við aflífun.

IV. KAFLI

Alifuglar

15. gr.

*Húsakostur alifugla*

Framleiðslukerfi og tæknibúnaður skal vera í lagi, viðhaldið og öruggur fuglum.

Búnaður skal vera þannig hannaður að engin slysaætta sé fyrir fugla þegar þeir eru settir inn og teknir út.

Setprik skulu staðsett þannig að þau hindri ekki eðlilega umferð fugla. Setprik skulu ekki staðsett fyrir ofan svæði með undirburði. Lárétt bil á milli setprika skal vera 30 cm og lárétt bil frá setprika til veggs skal vera 20 cm.

Framleiðslukerfi skulu þannig hönnuð að fuglar geti ekki sloppið út.

Pallakerfi skal þannig hannað að auðvelt sé að hafa eftirlit á öllum hæðum og skal að hámarki vera fjórar hæðir.

Óheimilt er að halda hana í búrum.

16. gr.

*Uppsöfnuð dauðatíðni*

Uppsöfnuð dauðatíðni í sjö síðustu hópum úr viðkomandi húsi skal vera lægri en  $1\% + 0.06\% \times$  sláturaldur hópsins í dögum.

Matvælastofnun getur vikið frá 2. mgr. og leyft aukinn þéttleika sýni umráðamaður fram á viðunandi útskýringar um að ástæður dauðsfalla hafi verið sérstakar eða óviðráðanlegar.

17. gr.

*Loftræsting og loftgæði*

Einangrun húsa, upphitun og loftræsting skal tryggja að ryk, hitastig, loftraki og óæskilegar loftegundir séu innan marka samkvæmt viðauka V. Tryggja skal nægileg loftskipti án þess að dragsúgur myndist í umhverfi fugla.

Í húsum þar sem ekki er gerð krafa um vararafstöð, skulu vera opnanleg fög eða sjálfvirk neyðaropnun á loftræstibúnaði svo unnt sé að loftræsta húsið við bilun á loftræstikerfi.

18. gr.

*Lýsing*

Lýsing í húsum og framleiðslukerfum fyrir alifugla skal vera nægileg til að fuglarnir geti haft yfirsýn yfir umhverfi sitt og sinnt eðlilegu atferli. Lýsing skal vera jöfn og nægileg til eftirlits með öllum fuglum. Þetta á við hvort sem notast er við dagsbirtu eða raflýsingu.

Heimilt er að minnka lýsingu tímabundið eða á afmörkuðum svæðum hafi það jákvæð áhrif á heilbrigði og velferð fugla.

Lýsing skal ekki vera svo mikil að hún örvi kropp og fjaðrareytingu. Bannað er að nota lýsingu sem getur haft neikvæð áhrif á atferli fugla. Mögulegt skal vera að stýra ljósstyrk. Við fiðurfellingu gildir viðauki II.

Dægurlengd skal vera 24 klukkutímar.

Eftir fyrstu aðlögunardagana skal tryggja fullorðnum varphænum órofna myrkvun þriðjung sólarhringsins. Þegar ljós eru slökkt í lausagönguhúsum skulu ljósaskipti vera nægilega löng til að hænurnar geti sest. Sömuleiðis skal birta smámsaman þegar ljós eru kveikt.

Lágmarks lýsing fyrir kjúklinga skal vera 20 lux í augnhæð fuglanna í 80% aðgengilegs svæðis. Heimilt er að lækka ljósstyrk tímabundið samkvæmt ráðleggingu dýralæknis. Að undanskilinni fyrstu eldisvikunni og síðustu þremur dögum fyrir slátrun skulu kjúklingar hafa að

minnsta kosti 6 klukkutíma myrkur á sólahring, þar af samfellt myrkur í 4 klukkutíma utan ljósaskipta.

19. gr.

*Hljóðmengun*

Hljóðmengun skal haldið í lágmarki, forðast skal mikinn eða snöggan hávaða.

Loftræstikerfi, fóðurkerfi og annan vélbúnað skal hanna, setja upp, halda við og reka þannig að sem minnst hljóðmengun verði.

20. gr.

*Útivist og skjól*

Útísvæði skulu hönnuð með tilliti til fjölda fugla og gerð jarðvegs til að lágmarka smítalag og mengun.

Á langvegg húsa skulu vera útgönguop sem veita beinan aðgang að útísvæði. Þau skulu vera opin á meðan á útivist stendur. Fjöldi opa skal miðast við stærð, tegund og fjölda fugla.

Á útísvæðum skal vera skjól fyrir veðri og vindum og meindýra- og rándýravarnir tryggðar.

Í úttektarskyldum búum skv. viðauka I, þar sem kjúklingar hafa aðgang að útísvæðum skulu útgönguop vera opin daglega í minnst 8 klst. að degi til. Styttu má þó þennan tíma yfir vetrartímamann til samræmis við daglengd. Í undantekningartilvikum er heimilt að víkja frá þessu, svo sem í verstu veðrum.

21. gr.

*Slysavarnir og viðvörunarbúnaður*

Tæknibúnaður í alifuglahúsum skal vera í lagi og viðhaldið. Vararafstöð skal vera á búum sem reiða sig alfarið á rafmagn til reksturs á loftræstingu, fóðurkerfum og lýsingu. Á þessum búum skal einnig vera viðvörunarbúnaður fyrir of hátt hitastig og straumrof. Viðvörunarbúnaður skal vera með sjálfvirka bilanavakt. Reglulegt eftirlit skal hafa með viðvörunarkerfum.

Ekki er gerð krafa um viðvörunarbúnað í húsum þar sem loftræsting er nægileg þótt vélbúnaður stöðvist.

22. gr.

*Smitvarnir*

Ákvæðið gildir eingöngu fyrir úttektarskyld bú skv. viðauka I.

Við staðsetningu nýrra alifuglabúa skal taka mið af öðrum alifuglabúum, öðru búfjárhaldi og umhverfi villtra fugla.

Umhverfi alifuglahúss skal vera þurrt og þrífalegt.

Alifuglahús skulu vera meindýraheld og varin villtum fuglum.

Alifuglahús skulu hönnuð og byggð þannig að unnt sé að þrifa húsin og sóttþreinsa þau.

Rými, innréttingar og verkfæri sem fuglar komast í snertingu við skal þrifa reglulega. Þrifa skal og sóttþreinsa búr eða kerfi milli hópa.

Óheimilt er að hafa sundfugla og aðra alifugla á sama búi. Búin skulu hönnuð þannig að hver fuglahópur sé sérstök smiteining.

Skráðar smitvarnareglur skulu vera til staðar. Starfsfólk skal fá grunnþjálfun í smitvörnum í alifuglaeldi.

Aðstaða til þrifa og sóttþreinsunar á fótabúnaði skal vera við innganga í alifuglahús, að öðrum kosti skal inngöngum skipt í hreint og óhreint svæði. Viðeigandi hlífðarfatnaður og aðstaða til handþvottar skal vera til staðar.

Hafi aðili verið í snertingu við alifugla erlendis skal hann ekki fara inn á alifuglabú eða vera í snertingu við fugla fyrr en að liðnum 48 klst.

Gæta skal sérstaklega vel að smitvörnum við móttöku og afhendingu fugla.

Dauða fugla skal fjarlægja daglega og drit eftir þörfum.

Í hópum skulu fuglar að jafnaði vera jafngamlir. Í stofnfuglahópum má þó skipta um hana.

Öll tæki og tól sem koma inn í alifuglahús skulu vera hrein og sóttþreinsuð.

Öðrum dýrum en fuglum er óheimill aðgangur í eldishús, fóðurgeymslu og annað geymslurými á búinu.

Foreldrafugl og útungunarstöðvar skulu vera lausar við sjúkdóma sem smitast milli kynslóða, nema varist sé smiti með öðrum hætti svo sem bólusetningu.

Klakegg skal tína að minnsta kosti daglega. Hreinsa skal egg strax eftir tínslu og sótthreinsa með þar til ætluðu sótthreinsiefni. Eftir sótthreinsun skal geyma þau í hreinum og sótthreinsuðum umbúðum í þar til gerðu rými. Rýmið skal vera vel loftræst, snyrtilegt og sótthreinsað reglulega. Tína skal óhrein, sprungin, brotin eða lek egg sérstaklega og aðgreina frá heilum eggjum. Óheimilt er að nota þessi egg til útungunar.

## V. KAFLI

### Varphænur og foreldrafuglar hænsnfugla

23. gr.

#### *Aðbúnaður í lausagönguhúsum*

Innréttingar skulu þannig gerðar að hænur óhreinkist ekki af vatni, fóðri eða driti.

Að hámarki skulu vera níu fuglar á hvern m<sup>2</sup> aðgengilegs svæðis fyrir fuglahópa innan við 2,4 kg líkamsþunga að meðaltali. Að hámarki skulu vera 7,5 fuglar á hvern m<sup>2</sup> fyrir fuglahópa yfir 2,4 kg líkamsþunga að meðaltali.

Ekki skulu vera fleiri en sjö hænur um hvert einstaklingshreiður. Ef hóphreiður eru notuð skal vera minnst eins m<sup>2</sup> varprými fyrir hverjar 120 hænur. Óheimilt er að hafa vírnet í þeim gólfflöt hreiðursins sem hænurnar liggja eða stíga á.

Varphænur skulu hafa aðgang að setprikum. Hver hæna skal hafa 15 cm setrými.

Svæði með undirburði skal vera minnst 1/3 af gólfsvæði stíu og hver hæna skal hafa aðgang að 250 cm<sup>2</sup> svæði með undirburði í að lágmarki 9 klst. á birtutíma. Heimilt er að víkja frá þessu tímabundið þegar verið er að venja fugl við varphús, þó aldrei lengur en eftir að fullt varp er hafið.

Aflöng fóðurtrog skulu hafa 10 cm fóðurrými á hverja hænu. Hringlaga fóðurtrog skulu hafa 4 cm rými á hverja hænu.

Drykkjarrennur skulu hafa 2,5 cm drykkjarrými fyrir hverja hænu. Hringlaga drykkjarker skulu hafa 1 cm rými á hænu. Að minnsta kosti einn drykkjarnippill eða drykkjarbolli skal vera fyrir hverjar 10 hænur.

Gólf skulu þannig gerð að stuðningur sé fyrir allar framtær fugls. Óheimilt er að hafa fleiri en 18 fugla á hvern m<sup>2</sup> gólfsvæðis stíu.

Pallakerfi skulu:

1. að hámarki vera fjórar hæðir, hver upp af annarri,
2. brynningar- og fóðurkerfi skulu þannig staðsett að fugl hafi jafnan aðgang að drykkjarvatni og fóðri,
3. bil milli hæða skal vera 45 cm. og
4. hæðirnar skulu hannaðar þannig að drit falli ekki niður á næstu hæðir.

Við skipulag húsa skal vera tryggt að unnt sé að sinna eftirliti með öllum fuglum. Í framleiðslukerfum þar sem hænur hafa aðgang að útisvæði skulu:

1. Útisvæði hönnuð með tilliti til fjölda fugla og gerð jarðvegs, til að lágmarka smítalag og mengun.
2. Útgönguop vera dreifð á annan langvegg húss sem snýr að útisvæði og veita fuglum óhindraðan aðgang að útisvæðinu. Hvert útgönguop skal vera 35 cm hátt og 40 cm breitt. Samanlögð breidd útgönguopa skal vera 2 m fyrir hverjar 1000 hænur. Í úttektarskyldum búum skv. viðauka I skulu útgönguop vera opin daglega í minnst 8 klst. að degi til. Heimilt er að stytta þennan tíma yfir vetrartímamann í samræmi við daglengd. Í undantekningartilvikum er heimilt að víkja frá þessu svo sem í verstu verðum.
3. Á útisvæðum skal vera skjól fyrir veðri og vindum og meindýra- og rándýravarnir tryggðar.



24. gr.

*Aðbúnaður í húsum með innréttuðum búrum*

Búr skulu þannig gerð að unnt sé að ná fuglum og hafa eftirlit með þeim.

Hver fugl skal hafa 750 cm<sup>2</sup> búrasvæði, þar af 600 cm<sup>2</sup> aðgengilegt svæði. Utan aðgengilegs svæðis skal lofthæð vera 20 cm. Samanlögð stærð búra skal vera 2.000 cm<sup>2</sup> og netþráður skal vera minnst 2 mm að þykkt.

Hænur skulu hafa aðgang að hreiðri, frjálst aðgengi að setprikum og aðgang að undirburði. Stærð svæðis með undirburði skal taka mið af fjölda fugla og vera aðgengilegur að lágmarki í 9 klst á birtutíma. Hænur skulu hafa aðgang að klóslípibúnaði eða öðrum búnaði sem tryggir eðlilegt slit á klóm.

Aðgengi að fóðurrennu skal vera stöðugt og hverri hænu ætlað 12 cm. Brynningarkerfi skal taka mið af þörfum og hópastærð fugla. Hver fugl skal hafa aðgang að minnst 2 drykkjarnipplum eða bollum. Óheimilt er að nota lausan eða færanlegan brynningarbúnað.

Gangur milli búraráða skal vera minnst 90 cm breiður til að auðvelda eftirlit og flutning í og úr húsi. Bil á milli grinda í neðstu búraröð og gólfs skal ekki vera minni en 35 cm.

Ekki skulu vera fleiri en 5,5 hænur á hvern rúmmetra húss. Aðeins er leyfilegt að halda í búrum stofna með meðallífþyngd undir 2,4 kg.

25. gr.

*Aðbúnaður í húsum með hefðbundnum búrum*

Búrasamstæður skulu að hámarki vera fjórar hæðir og tryggt skal að unnt sé að fylgjast með hænsnum í þeim. Hæð frá gólfi að lægsta punkti á neðstu hæð búra skal ekki vera minni en 20 cm. Á hvern rúmmetra húsinu skulu ekki vera fleiri en átta hænur.

Hver hæna skal að lágmarki hafa 600 cm<sup>2</sup> gólfpláss og 12 cm pláss við fóðurrennu. Búr skal vera minnst 40 cm á hæð, minnst 32 cm á dýpt (mælt frá framnetinu), með gólfhalla að hámarki 12% og hámark tvær þéttar hliðar.

Brynning skal þannig útbúin að hænur fái alltaf nægt ferskt vatn. Hæð brynningar skal vera þannig að hænur eigi auðvelt með að drekka. Drykkjarnipplar eða bollar til brynningar skulu vera minnst tveir í hverju hólfu, einnig í einstaklingsbúrum. Þegar notuð er vatnsrenna skal hún vera jafnlöng fóðurrennu. Færanleg/hreyfanleg fóður- og/eða brynningarkerfi eru óheimil í úttektarskyldri starfsemi skv. viðauka I.

Net og önnur efni í búrum skulu vera af hentugri gerð og gæðum og þykkt netþráðarins skal vera minnst 2 mm.

Hænur skulu hafa aðgang að klóslípibúnaði eða öðrum búnaði sem tryggir eðlilegt slit á klóm.

26. gr.

*Aðbúnaður í húsum til uppeldis*

Um uppeldi á varphænsnum, ungfuglum og foreldrafugli sláturkjúklinga gilda skilyrði í lið 1.2 í viðauka IV og um lágmarkskröfur til húsa gilda skilyrði í lið 1.3 í viðauka IV. Innréttingar skulu þannig gerðar að fuglarnir óhreinkist ekki af vatni, fóðri eða driti.

Fuglar skulu hafa stöðugan aðgang að undirburði í lausagönguhúsum. Heimilt er að víkja frá því tímabundið á fyrstu lífvikum unga.

Ekki er gerð krafa um undirburð og setprik fyrir unghænur sem verða varphænur í hefðbundnum búrum.

VI. KAFLI

**Kjúklingar**

27. gr.

*Aðbúnaður í húsum fyrir kjúklinga*

Brynning skal vera aðgengileg allan sólarhringinn. Fóður skal annaðhvort vera aðgengilegt allan sólarhringinn eða gefið með reglulegu millibili.

Kjúklingar skulu ávallt að hafa aðgang að undirburði.

Loftræsting skal vera nægileg til að koma í veg fyrir ofhitnun eldisrýmis og þar sem nauðsynlegt er skal vera til staðar hitunarbúnaður til að koma í veg fyrir kælingu og raka. Afköst

loftræstibúnaðar skulu að lágmarki vera  $3\text{m}^3/\text{kg}$  lifandi þyngd/klukkutíma. Loftræsting og hiti skal vera í samræmi við viðauka V. Mældur meðalraki/48 klst. inni í húsinu skal að jafnaði ekki fara yfir 70% þegar úthitastig er undir  $10^\circ\text{C}$ .

Lýsing á birtutímabilinu skal vera að lágmarki 20 lux á 80% aðgengilegs svæðis mælt í augnhæð fugla. Þó má samkvæmt ráði dýralæknis minnka styrkinn tímabundið. Eftir fyrstu sjö daga húsvistar og fram að þremur dögum fyrir slátrun skal lýsing vera 24 tíma daglengd og að nóttu vera að lágmarki 6 klst. Að minnsta kosti ein myrkvunarlota skal vera 4 klst. fyrir utan ljósaskipti.

Breytingar á húsnæði eða búnaði sem hafa áhrif á velferð fugla skal tilkynna tafarlaust til Matvælastofnunar.

28. gr.

*Skráningar*

Umráðamaður skal halda skýrslur um eftirfarandi fyrir hvern hóp, þar skal tilgreina:

- Fjöldi innsettra fugla.
- Aðgengilegt svæði.
- Heiti ræktunarstofns.
- Dagleg afföll, fjöldi dauðra fugla og orsök sé hún þekkt og fjöldi fugla sem eru aflífaðir ásamt skýringu.
- Fjöldi fugla sem eru eftir í húsi eftir sölu eða slátrun hluta hóps.

Skráningar skal varðveita í að minnsta kosti þrjú ár og skulu aðgengilegar yfirvöldum.

Við slátrun skulu liggja fyrir upplýsingar fyrir hvern hóp um fjölda innsettra fugla og samanlögð afföll á eldistímanum. Einnig skulu liggja fyrir upplýsingar um fjölda dauðra fugla í flutningi.

29. gr.

*Aðgengileg gögn í húsi fyrir kjúklinga*

Í öllum kjúklingahúsum skulu vera aðgengileg uppfærð gögn:

- Teikning af húsi þar sem tilgreint er aðgengilegt gólfsvæði.
- Lýsing á loftræstingu, upphitun og staðsetningu búnaðar.
- Lýsing á fóðrunar- og brynningarkerfum og staðsetning þeirra
- Lýsing á viðvörunarkerfi fyrir hita- og rafmagnsbilanir og á búnaði sem lætur vita um bilanir í viðvörunarkerfum.

30. gr.

*Þéttleiki kjúklinga*

Hámarksþéttleiki fugla í eldishúsum skal ekki fara yfir  $33\text{ kg/m}^2$  aðgengilegs gólfsvæðis. Matvælastofnun getur þó vikið frá þessu og veitt undanþágu skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar fyrir aukinn þéttleika í eldishúsum sem falla undir úttektarskylda starfsemi skv. viðauka I. Séu skilyrði 2. og 3. mgr. þessarar greinar ekki uppfyllt fellur undanþágan niður.

Þéttleiki allt að  $39\text{ kg/m}^2$  er háður skilyrðum í lið 1.6 í viðauka IV.

Þéttleiki allt að  $42\text{ kg/m}^2$  er háður skilyrðum í 4. gr. og lið 1.6 í viðauka IV. Enn fremur er gerð krafa um að þrír síðustu eldishópar í röð úr sama húsi hafi flokkast í dritbrunaflokk 0 og séu án athugasemda.

Niðurstöður mats á dritbruna samkvæmt viðauka VI skal hafa áhrif á hámarksþéttleika í húsum.

Matvælastofnun getur veitt tímabundna undanþágu um þéttleika umfram skilgreint hámark í ófyrirsjálegum tilvikum þegar ekki er hægt að koma fuglunum í slátrun.

Matvælastofnun ber að tilkynna umráðamanni kjúklinga um stuðul samkvæmt nýjustu upplýsingum frá ræktendum viðkomandi stofns til að umreikna úr slátrubýngd kjúklinga yfir í lífþyngd.

Tilkynna ber til Matvælastofnunar ef umráðamaður úttektarskyldrar starfsemi skv. viðauka I hyggst auka þéttleika umfram  $33\text{ kg/m}^2$  í kjúklingahúsum eða við nýbyggingar eða með meiriháttar breytingar á húsakosti.

## VII. KAFLI

### **Kalkúnar**

31. gr.

*Aðbúnaður í húsum fyrir kalkúna*

Kalkúnar skulu haldnir í lausagönguhúsum og hafa aðgang að undirburði séu þeir aldir innandyra. Lágmarkskröfur til húsakosts eru samkvæmt lið 1.6 í viðauka IV.

## VIII. KAFLI

### **Endur og gæsir**

32. gr.

*Aðbúnaður í húsum fyrir endur og gæsir*

Endur og gæsir sem aldar eru innanhúss skal halda á undirburði. Lágmarkskröfur til húsakosts eru samkvæmt lið 1.7 í viðauka IV.

## IX. KAFLI

### **Útungunarstöðvar**

33. gr.

*Almennt*

Fyrir útungunarstöðvar gilda skilyrði þessa kafla og kröfur í 3., 4., 10., 13., 14. gr.

Starfsmaður skal hafa hlotið þjálfun um rétta meðferð á frjóeggjum og ungum í útungunarstöðvum. Hann skal hafa þekkingu á fyrirbyggjandi smitvörnum og réttum umgengisreglum og einnig hafa hlotið tilsögn í aflífun einstakra fugla.

Umráðamaður útungunarstöðvar skal halda nákvæma skýrslu um móttöku eggja, fjölda eggja í útungun, klakprösentu og dreifingu unga.

Aðeins má dreifa heilbrigðum og hraustum ungum frá útungunarstöð. Ungum skal tryggja nægilega loftræstingu og eðlilegt hitastig.

34. gr.

*Smitvarnir*

Útungunarstöð skal haldið hreinni og snyrtilegri. Búnaður skal þrífinn og sótthreinsaður eftir hverja notkun.

Skipulagðar meindýravarnir skulu vera til staðar og útungunarstöð skal meindýraheld og varin fyrir villtum fuglum.

Útungunarstöð er aðeins heimilt að taka við útungunareggjum frá úttektarskyldum stofnbúum skv. viðauka I.

Viðeigandi hlífðarfatnaður og aðstaða til handþvotta skal vera til staðar.

Hönnun útungunarhúss skal taka mið af vinnuferli og loftræstingu; egg, dagsgamlir ungar og loftflæði fari allt í sömu áttina. Þessa er þó ekki krafist ef ekki er tekið á móti nýjum eggjum meðan á útungun stendur.

Í útungunarstöðum skulu vera aðskilin rými fyrir:

- a) Fataskipti og skrifstofu
- b) Eggjamóttöku
- c) Útungun og klak
- d) Kyngreiningu

Aðskilnaður skal vera milli dagsgamalla unga og þvottarýmis. Kröfur um aðskilin rými gilda ekki þar sem ekki er tekið á móti nýjum eggjum meðan á útungun stendur.

Dagsgamlir ungar skulu fluttir í hreinum og sótthreinsuðum kössum.

X. KAFLI  
**Önnur ákvæði**

35. gr.

*Refsiákvæði og gildistaka.*

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlög samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/2013 um velferð dýra og laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum. Meðferð mála út af brotum á reglugerðinni fara samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

36. gr.

*Gildistaka*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55/2013 um velferð dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum ásamt síðari breytingum.

*Ákvæði til bráðabrigða*

Þrátt fyrir 4. mgr. 16. gr. þurfa hænur ekki að hafa aðgang að setprikum fyrr en eftir 1. janúar 2017.

Klórslípibúnaður eða annar búnaður sem tryggir eðlilegt slit á klóm. skal vera til staðar fyrir hænur í hefðbundnum búrum eftir 1. janúar 2019 skv. 5. mgr. 25. gr.

Notkun á hefðbundnum búrum skv. 25. gr. skal hætt eftir 31. desember 2023.

Ungfuglar skulu aldri upp í samskonar framleiðslukerfum og þeir verða aldri í sem fullorðni fuglar eftir 1. janúar 2017.

Kjúklingahús sem voru í notkun við gildistöku reglugerðarinnar öðlast sjálfkrafa rétt til framleiðslu 39 kg/m<sup>2</sup>.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, xx. xxx 2014.*

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,*

***Sigurður Ingi Jóhannsson***

---

*Rebekka Hilmarsdóttir.*

**Viðauki I***Úttektarskylt alifuglahald eða starfsemi*

1. Bú með samtals 250 alifuglum eða fleiri
2. Alifuglahús fyrir 250 alifugla eða fleiri
3. Útungunarstöðvar

**Viðauki II***Þvinguð friðurfelling*

Í undantekningartilvikum má framkvæma þvingaða fiðurfellingu. Það má einvörðungu gera með fóður- og ljósstýringu, bannað er að taka af hænunum vatnið. Fiðurfelling skal fara fram þegar hænurnar eru 56-75 vikna gamlar. Aðeins má fiðurfella hvern hóp einu sinni.

**Viðauki III***Goggstýfing*

Rétt stýfing á goggi alifugls skal metin fjórum vikum eftir goggstýfingu unga innan við 10 daga aldur og átta vikum eftir goggstýfingu fugla eldri en 10 daga.

Úrtak er 60 fuglar eða 1% hópsins og 90% úrtaks skal uppfylla þær kröfur að:

1. Fuglarnir geti óhikað og markvisst tínt upp frá eða köggla af hörðu undirlagi,
2. Goggurinn sé fullkomlega lokaður að framan og ekki sjáist í op við goggenda þegar goggurinn er lokaður,
3. Efri hluti goggs má ekki vera styttri en neðri hlutinn,
4. Goggurinn sé heill og ósprunginn og ekki séu á honum óeðlilegar breytingar. Ekki mega koma fyrir krossnefir.

**Viðauki IV***Lágmarksstærðir***1.1 Lágmarksstærð á búrum við sýningar**

Lífþyngd fuglsins, kg	Breidd, cm	Lengd, cm	Flatarmál, cm <sup>2</sup>	Hæð, cm
0 - 1			400	38
1 - 2	45	45	2025	45
Yfir 2	45	45	2025	70

**1.1 Uppeldi á foreldrafuglum sláturkjúklinga**

Aldur (vikur)	Rými fóðurrennu (beina) (mm/unga)	Rými við brynningartæki		Vatn Ungar/nippil (stk.)
		Beint (mm/unga)	Hringlaga (mm/unga)	
0 - 6	20	5	4	30
7 - 12	50	7	5	20
12 - 20	50	7	5	15

Við uppeldi á foreldrafugli sláturkjúklinga í húsum skal þéttleiki ekki vera meiri en 15 fuglar/m<sup>2</sup> til 12 vikna aldurs og síðan ekki fleiri en 12 fuglar/m<sup>2</sup> til 20 vikna aldurs.

**1.2 Búr fyrir uppeldi á varphænum**

Aldur (vikur)	Búr <sup>1)</sup> Hámarksfjöldi fugla/m <sup>2</sup>	Búrahæð, lágmark, m	Mál við beint fóðurtrog mm/fugl, lágmark	Vatn Hámarksfjöldi fugla/nippil
0 - 3	90	0,25	20	15
4 - 6	60	0,38	42	8
7 - 16	30	0,38	50	8
17 - 20	25	0,38	60	8

<sup>1)</sup> Búrin skulu vera að lágmarki með tvær þéttar hliðar.

**1.3 Hús fyrir lausgangandi unghænur**

Aldur (vikur)	Aðgengilegt svæði Hámarksfjöldi fugla/m <sup>2</sup>	Minnsti undirburður <sup>1)</sup>	Minnsta lengd setpriks, mm/fugl
0 - 3	55	1/3 af gólfsvæði stú	20
4 - 6	25		40
7 - 16	15		65
17 - 18	12		100

<sup>1)</sup> eftir að ungum er hleypt á undirburð

**1.4 Önnur mál um hús fyrir lausgangandi unghænur**

Aldur (vikur)	Mál fyrir beint fóðurtrog, mm/fugl	Mál við vatnstrog, beint mm/fugl	Mál við vatnstrog, hringlaga mm/fugl	Vatn, Hámarksfjöldi fugla/nippil
0 - 3	20	5	4	30
4 - 6	20	5	5	30
7 - 16	42	7	5	20
17 - 18	50	7	5	15

**1.5 Búnaður í kjúklingahúsi**

Aldur í vikum	Einstaklingsrými við fóðurtrog		Einstaklingsrými við vatnsrennu		Vatn, fjöldi kjúklinga á nippil
	Bein renna, mm/fugl	Hringlaga, mm/fugl	Bein renna, mm/fugl	Hringlaga, mm/fugl	
0 - 7	20	12 <sup>1)</sup>	10	4	20
8 - 10	35	20	15	5	15

<sup>1)</sup> 8 mm ef frjálst aðgengi er að fóðri

**1.6 Kalkúnar**

	Gólfsvæði <sup>2)</sup>		Lágmarks- stærð hreiðurs <sup>1)</sup> , m	Mál við fóðurtrog, hringlaga, mm/fugl	Mál við vatnstrog, hringlaga mm/fugl
	Hámarks- fjöldi fugla /m <sup>2</sup>	Hámarks- fjöldi kg /m <sup>2</sup>			
Foreldrafuglar, hænur	2,5		Breidd: 0,35	30	12

				Dýpt: 0,5 Hæð: 0,45		
Foreldrafuglar, hanar		2,5			60	24
Slátur- fuglar, uppeldi foreldra- fugla	Til 10 vikna aldurs	6,8	38,5		18	8
	Til 11 vikna aldurs	6,2	40,5		30	12
	Til 12 vikna aldurs	5,6	42,4			
	Til 13 vikna aldurs	5,2	44,1			
	Til 14 vikna aldurs	4,8	45,7			
	Til 15 vikna aldurs	4,6	47,1			
	Til 16 vikna aldurs	4,3	48,5			
	Frá 17 til 20 vikna aldurs	2,9	58,6			

<sup>1)</sup> Hámark 4,5 fuglar/hreiður

<sup>2)</sup> Ákvæðið sem er meira takmarkandi gildir.

### 1.7 Endur og gæsir

Fuglategund		Gólfpláss				Hreiður, m
		Eingöngu innanhús		Með aðgang að útisvæði		
		Hámarks- fjöldi dýra/m <sup>2</sup>	Hámark kg/m <sup>2</sup>	Hámarks- fjöldi dýra/m <sup>2</sup>	Hámark kg/m <sup>2</sup>	
foreldrafugl	Endur	2		4		Breidd: 0,4 Dýpt: 0,4 Hæð: 0,5
	Gæsir	1		2		Breidd: 0,6 Dýpt: 0,6 Hæð: 0,6
Alifugl	Endur <sup>1)</sup>		16		20	
	Gæsir <sup>1)2)</sup>		14		18	

<sup>1)</sup> Í fyrstu lífviku má þéttleiki vera mest 15 fuglar/m<sup>2</sup>. Eftir það skal minnka þéttleika jafnt og þétt. Eftir 4 vikur gilda tölurnar í töflunni.

<sup>2)</sup> Uppeldi í legu- og fódursvæði með útigerði

- Gólfpláss í legusvæði 32 kg/m<sup>2</sup>
- Stærð útigerðis skal vera 10 sinnum stærra en innilegusvæðið
- Hringlaga fódurtrog 7mm/dýr (frjáls aðgangur að fóðri)
- Beint vatnstrog 9 mm/dýr

### Viðauki V

#### Loftræsting og fleira

Magn eftirtalinnna lofttegunda skal að jafnaði ekki vera meira en hér segir:

Ammóníak (NH<sub>3</sub>)

20 ppm

Koltvísýringur (CO<sub>2</sub>) 3000 ppm

Ef hiti í forsælu fer yfir 30°C má hitastig í húsum ekki vera hærra en 3°C umfram útihit.

Meðalraki í húsi skal ekki vera viðvarandi yfir 80% þegar útihitastig er undir 10°C.

## Viðauki VI

### Dritbruni

Eftirlitsdýralæknir hefur umsjón með mati gangþófaskemmda kjúklinga.

Við kjötskoðun alifugla skal eftirlitsdýralæknir eða aðstoðarmaður dýralæknis einnig meta niðurstöður skoðunarinnar m.t.t. vísbendinga um önnur velferðarvandamál.

Úrtak vegna mats á dritbruna: Úr hverjum eldishópi er tekin frá til skoðunar hægri löppin af 50 kjúklingum í fyrsta þriðjungi sláturhópsins og sömuleiðis af 50 kjúklingum í síðasta þriðjungi hópsins, samtals 100 lappir. Skoðað er hvort lappirnar beri merki um dritbruna (ammóníakbruna) eða önnur meiðsli sem benda til velferðarvandamála í uppeldishúsi.

*Lappirnar eru metnar og flokkaðar þannig:*

**Flokkur 0:** Engar athugasemdir

**Flokkur 1:** Lítil meiðsli, litlar vefjaskemmdir

**Flokkur 2:** Mikil meiðsli, miklar vefjaskemmdir

Skemmdirnar eru stigaðar þannig að fjöldi lappa í flokki 0 er margfaldaður með 0, fjöldi lappa í flokki 1 er margfaldaður með 0,5 og fjöldi lappa í flokki 2 er margfaldaður með 2. Þannig fær hver eldishópur samanlagða stigatölu frá 0-200. Sé stigatalan undir 40 telst hópurinn án athugasemda.

Samanlögð stigatala á bilinu 41-80 er metin sem **frávik** og stigatala yfir 80 er metin sem **alvarlegt frávik**.

Flokkunin hefur eftirfarandi áhrif á leyfðan hámarksþéttleika kjúklinga í eldishúsum:

#### **Ekkert frávik:**

Aukning á hámarksþéttleika í viðkomandi eldishúsi um 2 kg/m<sup>2</sup>, en þó innan þéttleikamarka hússins skv. 30. gr. og skilyrðum samkvæmt VI. kafla reglugerðarinnar.

#### **Frávik:**

1. **Fyrsta tilvik, undanfarinn hópur án athugasemda:** Matvælastofnun tilkynnir niðurstöður til eiganda eldishópsins
2. **Endurtekin tilvik:** Matvælastofnun tilkynnir niðurstöður til eiganda eldishópsins. Hámarksþéttleiki í viðkomandi eldishúsi lækkaður um 2 kg/m<sup>2</sup>

#### **Alvarleg frávik:**

Matvælastofnun tilkynnir niðurstöður til eiganda eldishópsins

Hámarksþéttleiki lækkaður um 3 kg/m<sup>2</sup>

Þéttleika er þó aðeins hægt að takmarka skv. þessu kerfi niður í 33 kg/m<sup>2</sup>. Séu frávik vegna dritbruna enn viðvarandi eftir að þeim mörkum er náð grípur Matvælastofnun inn skv. X kafla laga nr. 55/2013 um velferð dýra